

Fimmtudaginn 23. september 1993.

Nr. 300/1992. **Patrekshreppur**

(Friðjón Örn Friðjónsson hdl.)

(Hróbjartur Jónatansson hrl.)

gegn

Guðbrandi Haraldssyni og

Vigdísi Helgadóttur

(Sigurður Georgsson hrl.).

Bótaskylda. Sönnun. Orsakatengsl. Vis major. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. júlí 1992. Hann krefst sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál, en þeim var veitt gjafvörn fyrir Hæstarétti með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 12. október 1992.

Við meðferð málsins í héraði var ákveðið að skipta sakarefni þess samkvæmt heimild í 4. mgr. 71. gr. þágildandi laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. nú 1. mgr. 31. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Í þessum þætti er einungis fjallað um bótaskyldu áfrýjanda.

I.

Hinn 22. janúar 1983 féll snjóflóð úr Geirseyrargili á Patreksfirði og olli bæði mannskaða og eignatjóni. Hafliði H. Jónsson veðurfræðingur og Helgi Björnsson jarðeðlisfræðingur fóru á vettvang á vegum Almannavarna ríkisins 26. - 28. janúar 1983 og könnuðu meðal annars upptök og farvegi þessa snjóflóðs og annarra á Patreksfirði og Bíldudal og reyndu að grafast fyrir um orsakir flóðanna. Þeir skiluðu skýrslu 4. febrúar 1983, og hefur hún verið lögð fram í málinu. Í héraðsdómi er birtur kafli úr skýrslunni um orsakir flóðsins í Geirseyrargili. Um umfang þessa flóðs og fall-

hraða þess segir svo í skýrslu sérfræðinganna: „Þegar meginflóðið var komið hálfa leið niður að byggðinni, hefur farvegur þess þrengst niður í um 5 m, hraði aukist og það grafið um 2,2 m djúpa skoru niður í jörð. Hraði flóðsins á þessu svæði hefur getað verið allt að 30 m/s. Síðan breiddi það aftur úr sér og mun hafa verið um 65 m breitt, þegar það skall á efstu húsum. Þá hafði flóðið fallið um 170 m vegalengd og náð 15 m y.s. og meðalhalli frá upptökum því verið um 14°. Alls skreið snjóflóðið 440 m, uns það stöðvaðist í tungunni, sem var um 17000 m² að flatarmáli og að meðaltali um 2 m þykkt, þ.e.a.s. rúmlega 30000 m³ að rúmmáli. Halli frá sporði að upptökum var um 11°.“

II.

Stefndu byggja málatilbúnað sinn um bótaskyldu áfrýjanda á því, að framkvæmdir sveitarfélagsins við gerð varnargarðs í hliðinni fyrir neðan Geirseyrargil hafi valdið því, að snjóflóðið féll á hús þeirra 22. janúar 1983 með þeim hætti, sem raun varð á og lýst er í gögnum málsins. Þessi varnargarður mun hafa verið jarðvegsruðningur og til þess gerður að beina regn- og leysingavatni úr gilinu í ákveðinn farveg, sem þar var fyrir frá fyrri tíð. Hæð frá botni farvegarins mun hafa verið allt að tveir metrar. Eigi nýtur glöggra upplýsinga í málinu um lengd garðsins og fjarlægð frá ætluðum upptökum snjóflóðsins.

Í framangreindri skýrslu þeirra Hafliða H. Jónssonar og Helga Björnssonar er þessa garðs að engu getið. Fyrir héraðsdómi kvaðst Helgi ekki geta sagt til um það, hvort garðurinn hefði haft áhrif á snjósöfnun í gilinu. Hafliði H. Jónsson svaraði eftirfarandi spurningu í bréfi til stefnda, Guðbrands Haraldssonar, 28. febrúar 1987: „Er hægt að fullyrða, að lagning varnargarðsins á sínum tíma upp eftir gilinu hafi valdið krapastíflu og þannig aukið hættu á flóði frekar en komið í veg fyrir hana?“ Svar Hafliða var þannig: „Eini möguleikinn á krapastíflu í gilinu er þar, sem ég hef talað um hugsanleg þrengsli neðst í geilinni. Ég man ekki til þess, að garðurinn hafi komið þar nærri, heldur var þar um að ræða bæði hallabreytingu og beygju í gilinu. Garðurinn var svo uppi á vesturbarmi gilsins neðan við þessa beygju. Ég hlýt að svara þessu neikvætt.“

Af framansögðu er ljóst, að þeir vísindamenn, er könnuðu verks- ummerki á Patreksfirði skömmu eftir slysið, treysta sér ekki til þess

að fullyrða nokkuð um, hvort þessi varnargarður hafi haft áhrif á snjósöfnun í Geirseyrargili og þannig valdið eða stuðlað að því, að snjóflóð varð. Engin önnur gögn í málinu veita vísbendingar um, að svo hafi verið, og verður að telja það ósannað.

III.

Í áðurnefndu bréfi Hafliða H. Jónssonar til stefnda, Guðbrands Haraldssonar, 28. febrúar 1987 kvaðst hann ekki geta fullyrt nokkuð um það, hversu flóðið hefði dreifst, ef hinn umræddi varnargarður hefði ekki verið til staðar, þótt hann játi því almennt, að varnargarðar hafi getað haft áhrif á farveg flóðsins. Hann svaraði þeirri spurningu, hvort staðsetning varnargarðanna hefði verið rétt, með eftirfarandi orðum: „... Ég veit ekki, hvaða tilgangi þeir þjónuðu. Ég myndi ekki hafa talið þá vera neina vörn gegn snjóflóðum, enda hefði ég fyrst og fremst haft ofanvert Geirseyrargil í huga sem hugsanlegt upptakasvæði, en ekki neðsta hluta þess.“

Fyrir héraðsdómi var Helgi Björnsson spurður að því, hvort „þessi garður hafi haft áhrif á stefnu krapaflóðsins og þá eftir atvikum hvort hann hafi einhverju ráðið um það, af hverjum krafti það lenti á húsunum þarna neðan við“. Helgi Björnsson treysti sér ekki til að svara því, hvort flóðið hefði farið einhverja aðra leið, ef enginn garður hefði verið í hlíðinni, en sagði þó, að það hefði dreift „meira úr sér út yfir keiluna, þannig að það fylgir ákveðnari straumi, - fylgir farvegi, fyrst hann er þarna...“.

Telja verður, að nokkrar líkur hafi verið að því leiddar, að varnargarðurinn við farveginn úr Geirseyrargili kunni að hafa haft einhver áhrif á stefnu snjóflóðsins á einhverju skeiði og dreifingu þess. Gögn málsins veita hins vegar ekki þær vísbendingar, að unnt sé að staðhæfa, að garðurinn hafi verið veigamikil orsök fyrir stefnu flóðsins og því tjóni, sem varð. Verður því að telja fullrýðingar stefndu um áhrif varnargarðsins að þessu leyti ósannaðar.

IV.

Samkvæmt framansögðu hefur stefndu ekki tekist að sýna fram á, að framkvæmdir áfrýjanda í hlíðinni fyrir neðan Geirseyrargil á Patreksfirði hafi verið með þeim hætti, að tjón stefndu verði rakið til þeirra. Hins vegar verður að telja, að stórfelldar náttúruhamfarir

og óviðráðanleg atvik hafi leitt til þess skaða, er stefndu urðu fyrir. Ber því að sýkna áfrýjanda af öllum kröfum þeirra.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms verður staðfest.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður. Gjafvarnarkostnaður stefndu greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs málflytjanda þeirra, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, 200.000 krónur. Við ákvörðun málflutningslauna hefur ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Patrekshreppur, á að vera sýkn af öllum kröfum stefndu, Guðbrands Haraldssonar og Vigdísar Helgadóttur.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafvarnarkostnaður stefndu fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs málflytjanda þeirra, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, 200.000 krónur.

S é r a t k v æ ð i

Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Mál þetta er höfðað vegna þess, að lækjarfarvegi í Geirseyrargili á Patreksfirði hafði verið raskað af mannavöldum, áður en krpaflóð féll úr gilinu 22. janúar 1983. Hafði farvegurinn verið hreinsaður á alllögum kafla og varnargarður mótaður á vesturbakka hans, síðast með framkvæmdum á vegum áfrýjanda haustið 1982. Um hæð garðsins yfir farveginn er það upplýst, að hún hafi náð um tveimur metrum, en óljósara er, hverju bætt var við fyrri bakka-hæð.

Við meðferð málsins í héraði var ekki sérstaklega um það fjallað, hvernig háttað væri stöðu þessa mannvirkis gagnvart ákvæðum laga um skipulag, byggingar eða náttúruvernd. Þá var ekki litið til þess, svo að séð verði, hvort mannvirkið félli undir ákvæði 75. gr. og fleiri greina vatnalaga nr. 15/1923, þar sem á því er tekið, hvernig standa beri að framkvæmdum í vatni eða við það í því skyni að verja land eða landsnyttjar fyrir spjöllum af árennsli vatns. Enn

fremur var ekki aflað um það glögggra upplýsinga, hvað orðið hafi um varnargarðinn eftir flóðið og hvað síðan hafi verið að gert á svæðinu til að verjast áföllum í framtíðinni, utan þess að dómendur sjálfir kynntu sér aðstæður á vettvangi. Loks má telja það til бага, að ekki var leitað eftir mati dómkvaddra manna á neinum þeim álitaefnum, sem um er deilt. Þótt bent sé á þessi atriði málsmeðferðarinnar, eru þau ekki því til fyrirstöðu, að málið verði dæmt eins og það liggur fyrir, og verður ekki séð, að frekari umfjöllun gæti haft áhrif á úrslit þess.

Í málinu er það ósannað, að umræddur varnargarður hafi orðið orsök að flóðinu, og verður bótakrafa á hendur áfrýjanda ekki á því byggð. Á hinn bóginn hníga líkur að því, að hann hafi ráðið miklu um stefnu á svo votu flóði og um afl þess, er það skall á húsi stefndu. Um sönnunarkvöð í því efni má og líta til þess áskilnaðar vatnalaga, að afla beri sérstakrar heimildar til framkvæmda af fyrrgreindu tagi, nema sýnt þyki, að tjón eða hættu hljótist ekki af þeim.

Þótt taka megí undir staðhæfingar stefndu um þennan þátt atburðanna, leiðir það ekki til þess, að áfrýjanda verði talið skylt að bæta tjón þeirra af völdum flóðsins. Ætla verður meðal annars, að tjón hefði hlotist allt að einu vegna hins forna farvegar. Úrslitum ræður þó, að um var að ræða stórfelldar náttúruhamfarir, sem komu öllum á óvart, bæði að ofsa og aðdraganda. Er skýrt að því kveðið af hálfu þeirra sérfræðinga, er kvaddir voru til skoðunar á orsökum og afleiðingum flóðsins, að atvik að því hafi verið mjög sérstæð. Hinn umdeildi garður var ekki ætlaður til varnar gegn snjóflóðum, og höfðu þau ekki fallið á þessu svæði í manna minnum. Átti hann aðeins að beina yfirborðsvatni úr gilinu í helsta farveg þess. Ekki er unnt að fullyrða, að atbeini kunnáttumanna við framkvæmdirnar hefði skipt sköpum um þá hættu, sem orðið gat af farveginum fyrir íbúa kaupstaðarins við aðstæður eins og þær, sem hér komu til, enda voru þær alls kostar ólíkar því, sem áður þekktist til. Verður áfrýjandi ekki gerður ábyrgur vegna þess, að hennar var ekki gætt, og ekki talinn hafa fórnað þeim hagsmunum stefndu, sem hér reyndi á, fyrir hagsmuni annarra. Með vísan til þessa er ég samþykkur niðurstöðu annarra dómenda um efni málsins og einnig um málskostnað.

Dómur aukadómbings Barðastrandarsýslu 9. júní 1992.

Mál þetta var höfðað með stefnu, birtri 7. ágúst 1991, og dómtekið að lokinni vettvangsgöngu og munnlegum málflutningi 9. maí sl. Stefnendur eru Guðbrandur Haraldsson, kt. 101048-3149, og Vigdís Helgadóttir, kt. 171051-4289, bæði til heimilis að Hraunbæ 44, Reykjavík. Stefndi er sveitarsjóður Patrekshrepps, Barðastrandarsýslu.

Kröfur stefnenda eru þær, að stefnda verði gert að greiða sér 7.737.910 kr. með dráttarvöxtum skv. 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989, frá 6. september 1991 til greiðsludags. Stefnendur krefjast þess, að sér verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál. Stefnendur hafa lagt fram málskostnaðarreikning og krefjast enn fremur vaxta af málskostnaði skv. 2. mgr. 175. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 21. gr. laga nr. 54/1988. Til vara krefjast stefnendur greiðslu á 1.839.633 kr. auk dráttarvaxta skv. 7. gr. vaxtalaga frá 6. september 1987 til greiðsludags svo og málskostnaðar á sama hátt og í aðalkröfu. Stefnendum var veitt gjafsókn til höfðunar máls þessa með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytis, dags. 20. júní 1990.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnenda og málskostnaðar úr þeirra hendi skv. gjaldskrá LMFÍ. Þá krefst hann dráttarvaxta af málskostnaði frá 15. degi eftir dómsuppkvaðningu til greiðsludags. Til vara krefst stefndi þess, að dómkröfur stefnenda verði verulega lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Við meðferð málsins var ákveðið að skipta sakarefni þess skv. heimild í 4. mgr. 71. gr. laga nr. 85/1936, svo að fyrst yrði eingöngu dæmt um bótaskyldu stefnda. Því verður nú leyst úr þeim hluta kröfu stefnenda, að viðurkennd verði bótaskylda stefnda vegna tjóns, er þau urðu fyrir við, að krapaflóð féll á hús þeirra að Hjöllum 2 á Patreksfirði 22. janúar 1983, svo og kröfum aðila um málskostnað.

II.

22. janúar 1983 féll krapaflóð úr svonefndu Geirseyrargili á Patreksfirði. Talsverðar skemmdir urðu á nokkrum húsum á staðnum, þ. á m. húsi stefnenda máls þessa að Hjöllum 2. Telja stefnendur, að þau hafi ekki fengið tjón sitt bætt að fullu með bótum viðlagatryggingar og því höfðað mál þetta.

Almannavarnir ríkisins sendu þá Hafliða H. Jónsson veðurfræðing frá Veðurstofu Íslands og Helga Björnsson jarðeðlisfræðing frá Raunvísindastofnun háskólans til að kanna aðstæður og orsakir m. a. þessa flóðs. Er upphafleg skýrsla þeirra um könnunina dags. 4. febrúar 1983. Þá gaf Helgi Björnsson skýrslu fyrir dómi. Kemur fram, að þeir hafi verið á Patreksfirði

og Bíldudal dagana 26.-28. janúar, en auk flóðsins úr Geirseyrargili féll annað flóð á Patreksfirði sama dag svo og á Bíldudal.

Í skýrslu þeirra segir fyrst frá snjóalögum. Hafi snjór verið að mestu í þremur lögum. Lýsa þeir snjóalögum á Kvígingisdal svo:

„Neðst var um 10 cm lag, sem fallið hafði á þíða jörð. Ofan á því var annað lag, sem upphaflega var um 20 cm þykkt, en seig verulega 29. desember. Þriðja og efsta lagið var um 40 cm þykkt úr uppsöfnuðum snjó frá áramótum. Könnun á snjóalögum í Geirseyrargili 27. janúar benti til þess, að þar hafi hvert þessara laga verið u. þ. b. tvöfalt eða þrefalt þykkara en á Kvígingisdal.“

Síðar í skýrslunni segir:

Hinn 21. janúar nálgudust hlý skil úr suðri, og gengu þau yfir Vestfirði morguninn eftir. Á undan þeim snjóaði nokkuð í sa-átt, en smám saman hlýnaði og fór að rigna. ...ef gert er ráð fyrir, að úrkomuákafi hafi verið jafn yfir daginn, þá hafa um 110 mm fallið frá kl. 18 h. 21. til þess tíma, er snjóflóð varð í Geirseyrargili kl. 15. 15 h. 22.“

Í skýrslunni er talið, að upptök flóðsins hafi verið í um 90 til 100 metra hæð yfir sjó. Snjór hafi ekki fallið ofar, en vatn runnið í skoru í snjónum, er hafði rist um 1/2 metra niður í þekjuna.

Um orsakir flóðsins í Geirseyrargili segir síðan:

„Draga má saman eftirfarandi atriði, sem lýsa aðstæðum við upphaf flóðsins í Geirseyrargili: Við upptökin í 100 m hæð hefur gilið verið sléttfullt af snjó, um 3-4 m djúpum. Ofan á þennan snjó rigndi síðan, svo að þyngsli í snjónum stórkjóst. Má leiða rök að því, að spennur í snjóþekjunni hafi orðið meiri en styrkur hennar þoldi og því hafi flekaflóð getað farið af stað við gilkjafstinn, þar sem brotsárið er þvert á gilið og halli breytist úr 10 gráðum í 20. Nánar er gerð grein fyrir þessu mati í viðauka. Hættuástand hefði því gerað orðið, þótt lækurinn rynni ekki um gilið. Hafi lækurinn hins vegar haft einhver áhrif, hefur hann aukið hættuna. Líklega hefur lækurinn skorið sig niður gegnum snjóþekjuna í geilinni, dregið þar úr togþoli og festu við botn, svo að snjóbrú hefur myndast yfir geilina. Þá má vera, að þrengsli við gilkjafstinn hafi valdið uppsöfnun vatns, sem veikt hafi snjóinn og aukið þrýsting að ofan. Hafi flóðið hins vegar hafist vegna brots við gilkjafstinn, er eðlilegt, að snjór hafi fallið í geilina og flotið fram. Loks skal nefnt, að engin ástæða er til að ætla, að vatn hafi stíflast í gílinu, þar sem flóð var í læknum allan daginn.“

Fram hefur komið í málinu, að haustið 1982 var unnið í Geirseyrargili með jarðýtu við að hreinsa mól upp úr lækjarfarveginum þar, og samhliða var ýtt upp garði. Niður af gílinu er skriðukeila, og er húsið að Hjöllum 2 við eystri hlið hennar. Tilgangur framangreindra framkvæmda var að

verjast vatnsflóðum, er oft komu úr gilinu í leysingatíð. Var þá einkum haft í huga að verja sjúkrahúsið, en það er niður af vesturhlið keilunnar. Hefur því raunar verið haldið fram af hálfu stefnda, að garður þessi hafi fengið á sig endanlega mynd á árinu 1962 og framkvæmdir haustið 1982 hafi einungis verið lagfæring á garði þessum. Hafi gerð hans í raun hafist á árinu 1945.

Eftir lýsingum þeim á flóðinu, sem fram hafa komið í máli þessu, verður ráðið, að farvegur þess hefur ráðist að miklu leyti af garðinum og það fallið að verulegu leyti austan við garðinn. Þannig hefur hann hindrað, að meginstraumur flóðsins dreifðist yfir keiluna undir gilinu. Í byrjun flóðsins spýttist nokkuð yfir garðinn, en eftir það fór allur meginstraumur flóðsins niður eystri farveginn, svo sem fram kemur í vitnaskýrslu Helga Björns-sonar.

Flóðið úr Geirseyrargili féll um kl. 15.40 síðdegis 22. janúar. Þá um morguninn hafði Veðurstofan tilkynnt Almannavörnum ríkisins um snjóflóðahættu á Patreksfirði og Almannavarnir komið þeim boðum til sýslumanns og tilkynning verið lesin í útvarpi. Verður ráðið, að engum hefur komið til hugar, að flóð gæti komið úr Geirseyrargili, heldur beindust sjónir manna, að því er virðist, að öðrum stöðum á Patreksfirði, þar sem vitað var, að snjóflóð hefðu fallið. Snjóflóð höfðu, svo að vitað sé, ekki fallið úr Geirseyrargili.

III.

Í stefnu og greinargerð kváðust stefnendur reisa kröfur sínar á almennu skaðabótareglunni. Þá var við munnlegan málflutning enn fremur gert ráð fyrir því, að stefndi bæri hlutlæga ábyrgð á tjóni stefnenda. Telja stefnendur, að framkvæmdir þær, er starfsmenn sveitarfélagsins stóðu fyrir í Geirseyrargili sumarið 1982, hafi valdið því, að krapaflóðið féll með þessu afli á hús þeirra og olli skemmdum. Telja stefnendur fyrirsvarsmenn stefnda eiga sök á tjóni sínu vegna þeirra framkvæmda, er þeir stóðu fyrir í gilinu haustið 1982. Jafnframt benda stefnendur á, að enginn sérfróður aðili um snjóflóð hafi komið að framkvæmdunum í gilinu.

Enn fremur héldu stefnendur því fram við munnlegan flutning málsins, að ábyrgð sveitarfélagsins sem fasteignareiganda væri hlutlæg á tjóni, er rakið verði til framkvæmda á fasteigninni.

IV.

Stefndi mótmælir því, að hann eða starfsmenn hans hafi gerst sekir um saknæma og ólöglegu háttsemi með gerð varnargarðs í Geirseyrargili. Háttsemin verði eigi metin til gáleysis. Heldur hann því fram, að framkvæmdir á árunum 1981 og 1982 hafi einungis verið til að viðhalda

garðinum, en hann hafi tekið á sig endanlega mynd á árinu 1962. Telur stefndi, að þótt svo yrði litið á, að garðurinn hafi leitt til tjóns stefnenda, hafi öllum starfsmönnum stefnda verið fyrirmunað að sjá fyrir hugsanlega hættueiginleika garðsins.

Stefndi mótmælti því, að hann bæri hlutlæga ábyrgð á tjóni, er kynni að hafa hlotist af framkvæmdum í gílinu. Þá mótmælti hann því sem of seint fram komnu af hálfu stefnenda að byggja á hlutlægri ábyrgð.

Þá telur stefndi, að garðurinn hafi ekki valdið umræddu flóði. Gerð garðsins geti ekki talist orsök. Þá sé með öllu óljóst um þýðingu hans í sambandi við flóðið. Af sérfræðigögnum málsins verði ráðið, að hættu-ástand hefði skapast, þó að flóðið hefði fundið sér annan farveg. Skorti enn fremur sannanir fyrir því, að garðurinn hafi haft þau áhrif á stefnu flóðsins, er stefnendur haldi fram.

V.

Fram hefur komið við meðferð málsins, að óþekkt var á Patreksfirði, að snjó- eða krapaflóð féllu úr Geirseyrargili. Hins vegar var í hverjum leysingum vatnsrennsli úr gílinu, er var til talsverðra vandræða í kaup-túninu. Virðast aðgerðir hreppsins í gílinu einkum hafa miðað að því að beina vatnsstraumi úr gílinu í ákveðinn farveg. Virðist sem þá hafi aðallega verið hugað að því að verja sjúkrahúsið. Var ráðist í þessar framkvæmdir, án þess að sérfræðingar væru látnir kanna aðstæður í gílinu. Verður að telja, að til þess hafi verið tilefni.

Telja verður, að umræddar framkvæmdir hafi aukið að nokkru snjó-söfnun í Geirseyrargili. Þá hefur garður sá, er a. m. k. var endurbættur verulega haustið 1982, ráðið stefnu flóðsins og hindrað, að það dreifdist yfir keiluna, en með því hefði kraftur þess minnkað að mun. Verður því að telja sannað í máli þessu, að framkvæmdir í gílinu á vegum sveitarsjóðs hafi valdið því, að krapaflóðið féll á hús stefnenda með því afli, sem raun varð á. Verður að telja, að ella hefði flóðið dreifst yfir keiluna og afl þess orðið mun minna.

Framkvæmdir þær í Geirseyrargili, sem fólust einkum í dýpkun og hreinsun lækjarfarvegarins þar og gerð garðs, voru, að því er fram er komið, unnar, án þess að til kæmi sérfræðileg athugun á staðhættum. Verður að telja, að staðhættir allir í og ofan við gilið beri þess augljós merki, að þar er ofanflóðahætta, og hefðu sérfróðir menn getað gert sér grein fyrir því, áður en atvik þau urðu, sem fjallað er um í þessu máli. Er ekki óþekkt, að snjóflóð geti fallið á sama stað með nokkurra alda milli-bili.

Framangreindar framkvæmdir í gílinu verður að telja verulegar. Með þeim var breytt gerð gilsins og talsvert hár garður reistur eða a. m. k. endur-

bættur verulega og hækkaður. Hefur garðurinn ráðið stefnu krapaflóðsins. Verður að telja, að vanræksla sveitarstjórnar við að leita álits sérfræðinga, áður en ráðið var í framkvæmdir, leiði til þess, að fella verði bótaskyldu á sveitarsjóð vegna tjóns þess, er hlaust af krapaflóðinu.

Því verður í þessum þætti málsins viðurkennd bótaskylda stefnda vegna tjóns, sem stefnendur urðu fyrir, er krapaflóð féll á hús þeirra að Hjöllum 2 á Patreksfirði 22. janúar 1983.

Með vísan til 178. gr. laga nr. 85/1936 er rétt, að málskostnaður í þessum þætti málsins falli niður. Þar sem stefnendum var veitt gjafsókn í máli þessu, ber að ákveða þeim málskostnað úr ríkissjóði. Málflutningslaun skipaðs málflytjanda þeirra, Sigurðar Georgssonar hrl., þykja hæfileg 400.000 kr. án virðisaukaskatts. Annar kostnaður nemur skv. fram lögðum málskostnaðarreikningi samtals 137.130 krónum. Verður dæmdur málskostnaður því samtals 537.130 kr.

Dóm þennan kváðu upp Jón Finnbjörnsson, settur héraðsdómari á Keflavíkurflugvelli, Jónas Eliasson prófessor og Þórarinn Magnússon verkfræðingur. Uppkvaðning dóms hefur dregist úr hófi vegna anna dómenda við önnur störf.

D ó m s o r ð:

Viðurkennd er bótaskylda stefnda, sveitarsjóðs Patrekshrepps, gagnvart stefnendum máls þessa, Guðbrandi Haraldssyni og Vigdísi Helgadóttur, vegna tjóns, er þau urðu fyrir af krapaflóði á Patreksfirði 22. janúar 1983.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnenda, 537.130 kr., greiðist úr ríkissjóði, þ. m. t. málflutningslaun Sigurðar Georgssonar hrl., 400.000 kr.